

T I L L A G A

til þingsályktunar um skipun starfskostnaðarnefndar kirkjuþings vegna prests- og prófastsþjónustu.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

Kirkjuþing 2020-2021 ályktar að skipa þriggja manna nefnd til að endurskoða starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

Greinargerð.

Biskup Íslands lagði fram mál á kirkjuþingi 2020–2021, 34. mál, tillögu að starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa. Í greinargerð með málinu segir:

„Tekið verði upp nýtt kerfi sem miðað verði við að greiðslur nái einungis til þess kostnaðar sem raunverulega er stofnað til og eins til að tryggja að enginn prestur beri sjálfur kostnað af þjónustu sinni. Er gert ráð fyrir að ná megi hagræðingu vegna kostnaðar við þjónustu presta, m.a. með því að nýta hagstæða innkaupasamninga Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.“

Fyrri umræða um málið hefur farið fram og var því vísað til fjárhagsnefndar kirkjuþings. Samtal hefur átt sér stað milli flutningsmanns og fulltrúa Prestafélags Íslands um málið. Prestafélagið fellst á, fyrir sitt leyti, að sú breyting sem lögð er til í 34. máli, að rekstrarkostnaður vegna síma verði greiddur af Þjóðkirkjunni, gangi í gegn nú, í stað þess að greiða prestum tiltekna fjárhæð sem kemur fram á launaseðli. Prestafélagið leggst að öðru leyti gegn því að málið fái afgreiðslu óbreytt að svo stöddu þar sem það geti falið í sér kjararýrnun hjá prestum, á sama tíma og verið sé að vinna að gerð nýs kjarasamnings Prestafélagsins og Þjóðkirkjunnar–Biskupsstofu. Ósk Prestafélagsins er sú að heildarendurskoðun á fyrirkomulagi starfskostnaðar eigi sér stað á gildistíma væntanlegs kjarasamnings, þ.e. til loka árs 2022, þannig að kostur gefist á að athuga málið heildstætt við undirbúning næsta kjarasamnings á eftir. Þannig verði endurskoðað fyrirkomulag á greiðslum starfskostnaðar innleitt frá og með 1. janúar 2023. Gera megi þó tilteknar breytingar á tímabilinu á kirkjuþingum 2020–2021 og 2021–2022, eftir nánara samkomulagi. Í því sambandi eru aðilar

sammála um að prestar skuli hefja færslu rafræna akstursbóka sem sendar verði biskupsstofu reglulega til að fá yfirsýn og reynslutölur um það hver greiðsluskyldur akstur vegna prests- og prófastsþjónustu er. Þar er litið til þess að akstur í þágu þjónustunnar sé almennt greiddur samkvæmt kílómetragjaldi. Akstur er þó ekki greiddur vegna þeirra aukaverka sem þjónustuþegar eiga að greiða samkvæmt gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar nr. 933/2020. Þá er almenn regla sú að starfsfólki er ekki greitt fyrir daglegan akstur á vinnustað. Fylgir með 34. máli, yfirlit yfir það hvað telst vinnustaður presta í því sambandi. Í einhverjum tilvikum geta komið upp vafatilvik en leitast verður við að leysa úr slíku með samkomulagi. Heppilegt er að nefnd, sem hefur umboð kirkjuþings, handhafa fjárstjórnarvalds kirkjunnar, vinni að málinu. Gert er ráð fyrir að nefndin verði skipuð presti og tveimur leikmönnum og sé annar leikmannanna formaður nefndarinnar. Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið, mun biskup draga 34. mál til baka.

Með málinu fylgir kostnaðaráætlun, fskj. nr. 1.